



# Jarðhitafélag Íslands

## Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í Víðgelmi, Grensásvegi 9  
miðvikudaginn 14. apríl 2010, kl. 13:30*

Ásgeir Margeirsson, formaður félagsins, opnaði fundinn. Gengið til dagskrár.

### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.**

Formaður gerði tillögu um Ólaf G. Flóvenz sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlaason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Ólafur við fundarstjórn.

### **2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.**

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009-2010.

### **3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.**

Jónas Matthíasson, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2009. Árið 2009 skilaði félagið rekstrarafgangi upp á kr. 504.862, eigið fé í árslok 2009 voru kr. 3.084.498. Reikningarnir voru samþykktir.

### **4. Fram komnar breytingar á samþykktum félagsins.**

Engar tillögur um breytingar höfðu komið fram og því ekkert gert undir þessum lið.

### **5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.**

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 895.000 og tekjur umfram gjöld kr. 5.000. Áætluð lækkun tekjuafgangs skýrist einkum af tillögu stjórnar þess efnis að félagið greiði námsstyrk allt að kr. 350.000 á ári næstu þrjú ár, til doktorsnema í fagi tengdu jarðhita. Styrkurinn fari til greiðslu kostnaðar við að sækja alþjóðlega ráðstefnu á sviði jarðhita. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt tillaga um óbreytt félagsgjöld fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 25.000; en jafnframt tillögur þess efnis að hætt skyldi að innheimta gjöld frá félagsmönnum sem náð hafa 67 ára aldri (hafa undanfarin ár greitt kr. 500) og þess efnis að almenn félagsgjöld einstaklinga verði hækkuð úr kr. 2.500 (til margra ára) í kr. 3.000.

### **6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.**

Á aðalfundi 2008 var Ásgeir Margeirsson endurkjörinn formaður til tveggja ára. Samkvæmt samþykktum félagsins má enginn sitja lengur en tvö kjörtímabil í röð í embætti formanns og var Ásgeir því ekki kjörgengur til formennsku. Jakob Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu hjá Orkuveitu Reykjavíkur, gaf kost á sér til formennsku í félaginu og var kjörinn með lófataki.

Á aðalfundi árið 2009 voru kosin í stjórn til tveggja ára þau Auður Andrésdóttir, Bjarni Pálsson og Ólafur G. Flóvenz. Auður og Ólafur gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Bjarni gaf hins vegar kost á sér til endurkjörs og tvö önnur framboð til stjórnarsetu komu fram, frá Ásgeiri Margeirssyni fráfarandi formanni félagsins, og frá Sigurði Magnúsi Garðarssyni, prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands og stjórnarformanni GEORG. Önnur framboð komu ekki fram og voru þeir Ásgeir, Bjarni og Sigurður kjörnir til stjórnarsetu með lófataki. Áfram sitja jafnframt í stjórn, kosin til tveggja ára á aðalfundi 2009, þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson einróma kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

### **7. Staðfesting á inngöngu nýrra félaga.**

Níu einstaklingar höfðu óskað eftir inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi og var innganga þeirra allra staðfest af aðalfundi. Nýju félagsmennirnir eru þau Ari Ingimundarson, Ingunn María Þorbergsdóttir, Jakob Friðriksson, Jónas Ketilsson, Kristján Einarsson, Ómar Sigurðsson, Ragnar Ásmundsson, Sveinbjörn Hólmgeirsson og Sæunn Halldórsdóttir. Þá höfðu fjögur fyrirtæki eða stofnanir óskað inngöngu í félagið og var innganga þeirra jafnframt staðfest af aðalfundi. Nýju aðildarfélögin eru Landsvirkjun Power ehf., Magma Energy Iceland ehf., Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Reykjavík Geothermal.

### **8. Önnur mál.**

Ásgeir Margeirsson, fráfarandi formaður, kynnti tillögu fráfarandi stjórnar þess efnis að Kristján Sæmundsson yrði kjörinn heiðursfélagi í Jarðhitafélagi Íslands. Tillagan var samþykkt með lófataki.

### **Aðalfundi slitið kl. 14:05.**

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum var haldið vorþing – 10 ára afmælisþing – félagsins. Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra ávarpaði þingið auk þess sem flutt voru eftirtalin erindi:

- *Leyfisveitingar Orkustofnunar vegna jarðhitánýtingar - Þrír hattar Orkustofnunar*  
Lárus Ólafsson, yfirlögfræðingur Orkustofnunar
- *Regluverkið og undirbúningur jarðhitavirkjana - sjónarmið ráðgjafa*  
Auður Andrésdóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Mannvit hf.
- *Skilvirkni í skipulags-, mats- og leyfismálum - sjónarmið orkufyrirtækja*  
Ásbjörn Ólafsson, forstöðumaður þróunarsviðs HS Orku hf.

Loks voru bornar fram kaffiveitingar í boði ÍSOR og Orkustofnunar

*sign.*

Ólafur G. Flóvenz, fundarstjóri

*sign.*

Gústaf Adolf Skúlason, ritari